

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

3

Stjórn byggingarsjóðs og endurskoðendur skulu í fyrsta sinn kosnir á Alþingi 1934. 9. jan.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

4

um vinnumiðlun.

9. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í hverjum kaupstað landsins skal stofnuð vinnumiðlunarskrifstofa, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar ákveður, eða atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir.

2. gr.

Hlutverk vinnumiðlunarskrifstofu er:

1. að veita endurgjaldslausu milligöngu, verkamönnum jafnt sem atvinnurekendum, um vinnusölu og vinnukaup,
2. að miðla vinnu á milli bæjarbúa, eftir því sem unnt er,
3. að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjum og ríki til atvinnubóta, svo og annari vinnu, er ríki, bærir eða opinberar stofnanir fela skrifstofunni að úthluta,
4. að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því sem auðið er, og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði,

- 4 5. að aðstoða við atvinnuleysisskráningar eftir lögum nr. 57 frá 7. maí 1928,
9. jan. og láta fram fara atvinnuleysisskráningar, eftir fyrirmælum bæjarstjórnar
eða atvinnumálaráðherra,
6. að veita opinberum stofnunum, svo og verklýðsfélögum innan Alþýðusambands Íslands og félögum atvinnurekenda, upplýsingar um tölu atvinnulausra og hagi þeirra, eftir því sem unnt er,
7. að halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum og milli kaupstaða og sveita, eftir því sem við verður komið,
8. að inna af höndum þau störf, er skrifstofum þessum kann að vera falið með lögum eða reglugerðum.

3. gr.

Stjórn hverrar vinnumiðlunarskrifstofu skal skipuð fimm mönnum. Er einn þeirra tilnefndur af atvinnumálaráðherra, og er hann formaður stjórnarinnar, tveir þeirra skulu kosnir af hlutaðeigandi bæjarstjórn með hlutfallskosningu, einn útnefndur af verklýðsfélagi eða fulltrúaráði verklýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, ef til er í kaupstaðnum, og einn af félagi atvinnurekenda þar á staðnum. Nú er vinnumiðlunarskrifstofa stofnuð í kaupstað, þar sem ekki starfar verklýðsfélag innan Alþýðusambands Íslands, eða félag atvinnurekenda, og skipar atvinnumálaráðherra þá menn í þeirra stað í stjórnina. Sama gildir og, ef einhver þeirra aðila, sem nefndir eru í grein þessari, tilnefnir ekki fulltrúa af sinni hálfu í stjórn vinnumiðlunarskrifstofu.

Kosning og skipun stjórnarmanna er til fjögurra ára í senn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir og skipaðir af sömu aðilum til sama tíma. Laun stjórnarmanna skulu ákveðin af hlutaðeigandi bæjarstjórn með samþykki atvinnumálaráðherra.

4. gr.

Stjórn vinnumiðlunarskrifstofu ræður forstöðumann skrifstofunnar, svo og aðstoðarmenn, ef þurfa þykir. Hún ákveður og laun starfsmanna, setur þeim starfsreglur og hefir yfirumsjón með störfum þeirra og rekstri skrifstofunnar yfirleitt.

5. gr.

Allur kostnaður við vinnumiðlunarskrifstofur greiðist að tveim þriðju hlutum úr hlutaðeigandi bæjarsjóði, og að einum þriðja hluta úr ríkissjóði. Kostnaður af simtölum, símskeytum og póstsendingum greiðist þó allur úr ríkissjóði.

6. gr.

Með reglugerð, sem atvinnumálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum bæjarstjórna, má ákveða nánar um störf og fyrirkomulag vinnumiðlunarskrifstofanna. Atvinnumálaráðherra setur og reglur um samband og samvinnu

vinnumiðlunarskrifstofa. Heimilt er að fela sérstökum fulltrúa í atvinnumála- 4
ráðuneytinu öll störf, er lúta að vinnumiðlun milli kaupstaða og héraða. 9. jan.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

5

um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp.

9. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Til loka ársins 1937 skal undanþegið hverskonar innflutningstollum efni í
tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur, svo og
óunninn hampur og hampgarn til veiðarfæragerðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.